

# Kesän ainoa kaunis päivä

„Eini fallegi dagur sumarsins“ (ekki þýdd)  
Höfundur texta og mynda: Maria Vilja  
(Finnlandi)  
WSOY, 2024

Tilnefnd til barna- og unglingsbókaverðlauna  
Norðurlandaráðs 2025

Söguþráður: Fjölskylda fer í ferðalag. Þau þurfa að pakka mörgu og taka síðan strætó niður að ferju sem siglir með þau á áfangastað. Allt er fest á filmu. Litli bróðir er stundum glaður og stundum reiður. Mamma nuddar sig aftan á hálsinum og vill að þau njóti öll þessa fallega sumardags. Svo gerist það sem má ekki gerast, börnin fara að rífast og mamma verður ö s k u r e i ð. Er búið að skemma eina fallega dag sumarsins?

Efnisorð: tilfinningar, fjölskylda, sumar, daglegt líf, upplifanir, rífrildi, fyrirgefning


## Samtöl og leikur:

### SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðaðu myndirnar með barninu. Hvað vekur athygli ykkar? Skoðið litina og hvernig svipbrigði persónanna breytist eftir aðstæðum.

### LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu kápumyndina, um hvað heldurðu bókin sé?
2. Hefur þú farið í ferðalag? Hvað tókstu með þér? Teiknaðu!
3. Skoðaðu myndina þar sem barnið skrífur inn undir pilsfald mömmu sinnar. Hvers vegna heldurðu að barnið geri það? Átt þú þér einhvern stað þar sem þér finnst gott að vera þegar eitthvað óhugnanlegt eða dapurlegt gerist?
4. Teiknaðu og klipptu út eða búðu til myndavél, til dæmis úr pappír eða pappa, sem þú litar og getur notað þegar þú ert að leika að þú farir í ferðalag. Hvað sérðu?



### BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Gerðu lista yfir hluti sem þú myndir taka með þér á ströndina.
2. Veldu opnu sem þér finnst skemmtileg og segðu frá því sem er að gerast á myndinni.
3. Skoðaðu myndirnar og leitaðu að ýmiss konar tilfinningum.
4. Skipuleggðu ferðalag sem þig myndi langa að fara í með fjölskyldunni eða besta vini þínum.
5. Teiknaðu póstkort frá stað sem þig langar að fara á. Það má vera staður sem er til í alvörundi eða staður sem þú finnur upp á. Ef þið eruð fleiri sem búið til póstkort getið þið hengt þau upp á vegg! Leyfið öllum börnunum að segja frá póstkortunum sínum.

### BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvernig fannst þér bókin? Var eitthvað sem þér líkaði ekki? Var eitthvað sem þér fannst erfitt að skilja? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur sem þú þekkir?
2. Hvers konar tilfinningar finnurðu í sögunni? Skrifðu lista.

3. Skoðaðu myndirnar og veldu nokkrar sem sýna mismunandi tilfinningar. Hvernig sýna myndirnar tilfinningarnar? Eru mismunandi sjónarhorn í myndunum (barnsins/mömmunnar)? Hvaða mynd/myndir finnst þér best/bestar og hvers vegna?

4. Hvernig var dagurinn og hvers vegna varð mamma bæði reið og leið? Veldu sjónarhornið sem þú notar í frásögninni, sjónarhorn mömmunnar eða annars hvors barnsins. Skrifaðu textann eins og dagbók eða bréf til einhvers sem þekkir þig og fjölskylduna þína.

5. Skrifaðu ljóð á hvaða formi sem er sem byrjar á „Síðasti fallegi dagur sumarsins...”

#### AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Glömdagen. Höfundur texta og mynda: Sara Lundberg

Dröm om drakar. Höfundur texta: Sanna Tahvanainen. Höfundur mynda: Jenny Lucander

Berre Mor og Ellinor. Höfundur texta: Ingrid Z. Aanestad og Sunniva Sunde Krogseth

#### MÁLAMOLI

## "Fallegur"

sænska

Vacker

danska

Smuk

norska

Vakker

íslenska

Fallegur

færeyska

Vakur

grænlandska

Pinnersoq

finnska

Kaunis

norðursamíska

Čáppa



Fylgið Norræna bókaþeypinum á Instagram til að fá hugmyndir að bókum sem gaman væri að lesa: @nordiskabokslukaren